



Ytra mat

Bláskógaskóli Reykholti

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Bláskógabyggð.

Höfundar: Hanna Hjartardóttir og Þóra Björk Jónsdóttir.

© Menntamálastofnun, 2017.

ISBN 978-9979-0-2120-9

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Stjórnun	5
Nám og kennsla	5
Innra mat	6
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Aðferðir og framkvæmd	7
Bláskógaskóli Reykholti.	8
Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi	8
Stefna skólans	9
Starfsmenn	9
Nemendur	10
Árangur náms	10
Starfstími.	11
Sérfræðipjónusta	11
Niðurstöður	12
Svið I – Stjórnun.	12
Fagleg forysta	12
Stefnumótun og skipulag	15
Samskipti heimila og skóla	17
Svið II – Nám og kennsla	19
Nám og námsaðstæður	19
Þátttaka og ábyrgð nemenda.	22
Námsaðlögun	23
Svið III – Innra mat	25
Framkvæmd innra mats.	25
Umbótastarf í kjölfar innra mats	26
Styrkleikar og tækifæri til umbóta	27
Frekari greining	30
Greining kennslustunda.	31
Heimildir.	34



Samantekt niðurstaðna

Stjórnun

Allir hagsmunaaðilar þekkja stefnu skólans eins og hún birtist í skólanámskrá og stjórnendur hvetja kennara markvisst til að auka sífellt gæði náms og kennslu. Reglulega er boðað til kennara-, stigs- og teymisfunda þar sem fagleg ígrundun fer fram. Starfsáætlun uppfyllir að flestu leyti þau viðmið sem koma fram í aðalnámskrá grunnskóla, sama gildir um skólanámskrá sem endurspeglar áherslur í skóla-stefnu sveitarfélagsins. Fjalla þarf um grunnþætti menntunar í skólanámskrá og hvernig þeir fléttast inn í skólastarfið.

Námsgreinar eru samþættar á öllum stigum, ekki síst í umfangsmiklum þemaverkefnum og boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar á unglingsstigi.

Skólareglur og viðurlög við þeim eru unnar með nemendum og samstarf leik- og grunnskóla er reglu-legt, skráð og virkt. Gerð er áætlun um kannanir og skimanir sem lagðar eru fyrir nemendum til að finna þá sem þurfa sérstaka aðstoð en gera þarf árlega áætlun um skipulag sérkennslu og stuðnings.

Allar helstu ákvarðanir er varða stefnu, skólahald og skólaþróun eru lagðar fyrir skólaráð til umsagnar. Við kosningu í skólaráð þarf að kjósa alla fulltrúa með lýðræðislegri kosningu til tveggja ára. Kynning á námsmarkmiðum og leiðum til að ná þeim er hluti af virku samstarfi heimila og skóla og skipulagðar foreldraheimsóknir eru reglulegur þáttur í skólastarfinu. Skrá þarf hvernig upplýsingagjöf til foreldra í Bláskógaskóla Laugarvatni og Kerhólsskóla er háttað og hver ber ábyrgð á því, þ.e. til foreldra nemenda sem að hluta til stunda nám við Bláskógaskóla Reykholti.

Gera þarf grein fyrir einkunnarorðum skólans, sýn hans og stefnu í skólanámskrá. Jafnframt þarf að skilgreina og móta leiðir til að viðhalda jákvæðum skólabrag og fjalla um í skólanámskrá. Ýmis fræðsla er um forvarnir en æskilegt væri að gera heildstæða forvarnaráætlun fyrir skólann.

Frá því að Bláskógaskóli Reykholti varð til sem sérstök sjálfstæð stofnun fyrir tæpum tveimur árum hefur ekki verið stofnað foreldrafélag við skólann eins og lög kveða á um og þarf að gera það sem fyrst.

Síðustu misseri hefur verið nokkur órói í samfélaginu sem snýr að stjórnun skólans. Nú er mjög árið-andi að allt skólasamfélagið taki höndum saman og styðji við jákvæðan skólabrag enda sameiginleg ábyrgð allra; foreldra, starfsmanna, nemenda og sveitarfélags að skólastarfið gangi sem best með hag nemenda að leiðarljósi.

Nám og kennsla

Nemendur ná almennt góðum árangri í námi þegar niðurstöður samræmdra könnunarprófa eru skoðaðar. Allir nemendur taka virkan þátt í skólastarfi og skólinn er að mati viðmælenda og eftir því sem matsmenn urðu varir við, skóli sem mætir þörfum allra nemenda án aðgreiningar. Matsmenn sáu að skólahúsnæðið er vel nýtt til fjölbreyttra námsverkefna og umgengni er góð. Gott samstarf er við leikskólann og nemendur beggja skólastiga eiga í góðum samskiptum. Sveitarfélagið og skólinn er með vel útfærða lestrarstefnu. Setja þarf fram samræmda áætlun um skimanir og próf sem nær til fleiri atriða en lesturs. Einnig þarf að skrá viðmið um árangur kannana sem notaðar eru og til hvaða aðgerða grípa eigi til ef þarf. Námsaðlögun þarf að koma víðar fram í bekkjarnámskrám, svo sem hvernig á að mæta bráðgerum nemendum í námi. Kennarar telja teymiskennslu efla starfið en skilgreina mætti teymiskennslu og setja fram markmið með vinnu teyma. Upplýsa þarf nemendur um hlutverk skólaráðs og nemendafulltrúa í ráðinu. Kynna þarf nemendum niðurstöður kannana sem þeir taka þátt í eða er varða þá.

Kennarar sýna almennt góða fagþekkingu og námstími nemenda er vel nýttur. Fjölbreyttar valgreinar eru í boði hjá unglingsstigi og miðstignemendur hafa val í formi áhugasviðsverkefna. Samþætting námsgreina er nýtt á öllum skólastigum meðal annars með þemavinnu. Skrá þarf markvissar þemu sem unnið er með og tengja við námsgreinar og hæfniviðmið. Uppfæra, samræma og tengja námsvísa

bekkja betur við gildandi aðalnámskrá. Birta þarf viðmið um árangur tengt námsmati í námsáætlunum. Aðgreina á mat á árangri í námsgreinum og mat á framkomu og hegðun. Foreldrar óskuðu eftir að vitnisburður um nám og námsárangur milli námsgreina væri betur samræmdur í framsetningu.

Nemendur eru ábyrgir í námi og framkomu. Í vettvangsathugunum kom fram að samvinna nemenda í námi er viðtæk. Upplýsingatækni er notuð til náms á fjölbreyttan hátt. Haldin eru nemendabing um málefni er snerta nemendur. Í könnun á viðhorfum nemenda kemur fram að efla þarf áhuga eldri nemenda á náttúrufræði- og stærðfræðinámi. Huga þarf með nemendum að því hvað veldur kynjarmun sem fram kemur í niðurstöðum Skólapúlsins um áhuga á námi, trú á námsgetu og samskiptum við kennara. Auka má þátttöku nemenda við áætlanagerð í námi og mat á eigin árangri. Gera þarf nemendum betur grein fyrir tengslum hæfniviðmiða og eigin námsframvindu. Nemendur ættu eins og hægt er að hafa aðkomu og ábyrgð við gerð eigin einstaklingsnámskráa.

Innra mat

Í skólanámskrá er umfjöllum um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf. Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram með einhverjum hætti reglulega. Gagna í innra mati er aflað með aðferðum sem hæfa viðfangsefnum hverju sinni og skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati svo sem samræmdum könnunarprófum og Lesferli í sitt innra mat.

Starfsfólk hefur tækifæri til að ákveða áherslur og forgangsörðun í innra mati á kennarafundum og skólaráð fær kynningar á innra mati skólans og niðurstöðum kannana. Þá eru áætlanir um umbætur bornar undir skólaráð.

Umbætur eru í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta og þeim er kerfisbundið fylgt eftir. Umbótaáætlun sem snýr að félagslegum og andlegum aðbúnaði á vinnustað er skýrt sett fram. Gera þarf langtímaáætlun í innra mati þar sem kemur fram að öll markmið skólanámskrár séu metin markvisst og reglubundið og einnig innra mats áætlun fyrir yfirstandandi skólaár.

Árlega þarf að vinna að og birta heildstæða greinargerð um innra mat liðins skólaárs og í kjölfar hennar gera tímasetta umbótaáætlun þar sem meðal annars kemur fram hvenær meta á umbætur. Æskilegt er að skipa í innra mats teymi þar sem allir hagsmunaaðilar eiga fulltrúa.

Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á Bláskógaskóla Reykholti. Matið var framkvæmt af Hönnu Hjartardóttur og Þóru Björk Jónsdóttur og fór fram á vettvangi á tímabilinu 22.–24. febrúar 2017. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Matið er hluti af samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis en framkvæmdin er á vegum Menntamálastofnunar. Matið er byggt á þeim skyldum ríkis og sveitarfélaga sem koma fram í 37. og 38. grein laga um grunnskóla frá 2008.

Í Bláskógaskóla Reykholti voru eftirfarandi þættir metnir; stjórnun, nám og kennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

1. Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
2. Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.
3. Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum.
4. Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar.

Grundvöllur ytra mats eru viðmið um gæði stjórnunar, náms og kennslu og innra mats. Auk þess geta sveitastjórnir/skólar óskað eftir mati á fjórða þætti sem í þessu tilfelli var ekki gert. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig höfð til hliðsjónar auk *Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007–2020* (Hrönn Pétursdóttir, 2007). Litið var til viðmiða í ytra mati víða erlendis, svo sem frá Englandi, Skotlandi, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Kanada. Einnig var horft til viðmiða Reykjavíkurborgar í heildarmati á grunnskólum.

Við matið er gengið út frá almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2011 og greinasviðum frá 2013.

Aðferðir og framkvæmd

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um skólann áður en farið var í vettvangsathuganir og rýni-viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á skólastarfið, ýmist í prentuðu máli eða á rafrænu formi¹. Þá voru skoðaðar niðurstöður samræmdra könnunarprófa og framfarastuðull frá undanförunum árum. Fyrir vettvangsheimsókn voru sendar kynningar á matinu, glærur með tali, þar sem forsendur matsins voru kynntar sem og framkvæmdin. Þær kynningar voru sendar skólastjóra til kynningar fyrir starfsfólk svo og til skólaskrifstofu og sveitarstjóra. Vettvangsathuganir voru hjá öllum kennurum og þá gafst einnig tækifæri til að spjalla við nemendur. Haldnir voru rýnifundir með kennurum, öðrum starfsmönnum skólans, nemendum í 4.–10. bekk, foreldrum og fulltrúum í skólaráði. Þátttakendur í rýnihópum voru allir valdir með slembiúrtaki. Þá var tekið einstaklingsviðtal við skólastjórann, aðstoðarskólastjórann og kennara sem sinnir sérkennslu. Einstaklingsviðtal var einnig tekið við formann fræðslunefndar.

¹ Skólanámskrá og starfsáætlun, sýnishorn af kennsluáætlunum og námsáætlunum, greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, stundatöflur nemenda, símenntunaráætlun, yfirlit yfir valgreinar, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta- og menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

Vettvangsathugunin stóð yfir í þrjú daga þ.e. 22.–24. febrúar, 2017. Farið var í 24 kennslustundir hjá 14 kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum, s.s. stærðfræði, íslensku, samfélagsfræði, leiklist, náttúrufræði, smíði, íþróttum og handverki, auk sérkennslu. Kennarar vissu hvaða daga matsmaður var væntanlegur í vettvangsheimsókn en ekki í hvaða tíma. Var það gert til að undirstrika að matið eigi að vera á hefðbundnum kennslustundum, ekki sérstaklega undirbúnum vegna matsins. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir hverja kennslustund. Skólastjóri fékk í hendur lýsingu á hverri kennslustund þar sem einnig voru sérstaklega dregnir fram tveir þættir sem voru til fyrirmyndar og einn sem hugsanlega mætti bæta. Kennurum var boðið að hitta matsmenn í lok hvers dag og fá endurgjöf og nánast allir kennarar nýttu sér það.

Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram og að lokinni skólaheimsókn unnu þeir saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Það ber að hafa í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Bláskógaskóli Reykholti

Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi

Skólinn hét áður Reykholtsskóli og tók til starfa árið 1928. Þann 1. ágúst 2003 var ákveðið að sameina skólana í Reykholti og á Laugarvatni og breyttist þá nafnið í Grunnskóli Bláskógabyggðar. Árið 2013 var nafni skólans breytt í Bláskógaskóli. Árið 2015 var ákveðið að skipta skólanum upp í tvær sjálfstæðar einingar; Bláskógaskóla í Reykholti og Bláskógaskóla á Laugarvatni.

Leikskólinn Álfaborg flutti í húsnæði grunnskólans sl. sumar vegna viðgerða á leikskólahúsnæðinu. Leikskólinn starfar nú í hluta þess rýmis sem yngsta deild hafði til umráða og einnig er heimilisfræðistofa mikið nýtt af leikskólanum.

Í Reykholti er skólasel fyrir elstu börn leikskólans og 1.–4. bekk tvo daga í viku. Markmið með starfinu er að auka samstarf leik- og grunnskóla í starfi og leik barnanna og sjá þeim fyrir uppbyggilegri samveru þar sem blandað er saman leik og námi. Forskóli er í Reykholti fyrir öll 5 ára börn, 4 kennslustundir á viku. Í forskólanum er unnið markvisst að skólaaðlögun og undirbúningi skólanáms.

Samstarf er milli leik- og grunnskóla um danskennslu, nemendum á unglíngastigi grunnskólans býðst að koma í leikskólaval undir handleiðslu leikskólastjóra og í undirbúningi er að nemendur grunnskólans lesi fyrir yngri nemendum við ýmis tækifæri.

Nemendur í 1.–4. bekk eru í skólaseli tvo daga í viku eftir að skóla lýkur. Þar er m.a. fléttað inn íþróttastarfi í samstarfi við ungmennafélagið.

Nemendur á unglíngastigi á Laugarvatni, alls 10 nemendur, eru í Reykholti mánudaga og miðvikudaga og sitja þá kennslustundir með nemendum í samsvarandi bekkjardeildum í Reykholti. Unglíngastígs-nemendur Kerhólaskóla, 10 nemendur, koma tvo daga í viku, tvær kennslustundir í senn í valtíma með unglíngum Laugarvatns og Reykhólts.

Samstarf er við Tónlistarskóla Árneseinga og fer tónlistarkennsla fram á skólatíma mánudaga, miðvikudaga og fimmtudaga.

Í skólanum er starfandi nemendaráð, stjórn þess skipa nemendur úr 7.–10. bekk. Félagslífi nemenda er nokkuð stýrt af nemendaráði en í samstarfi við starfsmann sem tilnefndur er af skólastjórnendum. Félagslíf nemenda er að nokkru leyti í samstarfi við Félagsmiðstöð sem starfrækt er að Borg í Grímsnesi.

Stefna skólans

Bláskógabyggð hefur sett sér skólustefnu sem skólinn starfar eftir, þar segir m.a: *Starf leik- og grunn-skóla Bláskógabyggðar einkennist af jafnrétti allra nemenda. Hverjum einstaklingi á að skapa náms-skilyrði þannig að hann geti á eigin forsendum þroskast og dafnað. Markmið hvors skólastigs er að útskrifa sjálfstæða, lífsglaða einstaklinga reiðubúna til frekara náms. Skólinn er undirbúningur fyrir framtíðina, því er lögð áhersla á að efla og styrkja sjálfsþekkingu nemenda á þann hátt að þeir þroski með sér frumkvæði og sköpunarkraft þannig að þeir geti í framtíðinni tekist á við margbreytilegar aðstæður í daglegu lífi.*

Einkunnarorð skólans eru ellefu og koma myndrænt fram í tengslum við merki skólans og eru skráð á áberandi stað við inngang skólans. Hins vegar eru þau ekki nefnd í skólanámskrá eða öðrum gögnum skólans og í samtölum kom fram að umræða er meðal starfsfólks um að fækka þeim til muna.

Þróunarverkefni um fjölbreytta kennsluhætti og fjölbreytt námsmat fór af stað skólaárið 2015–2016, það var samstarfsverkefni kennara í Reykholti og á Laugarvatni. Þetta verkefni heldur áfram yfirstandandi skólaár. Annað þróunarverkefni fór af stað á sama skólaári en það er um A.R.T. þjálfun fyrir nemendur í 1.–9. bekk og verður áfram fyrir 1. bekkina og aðra nýja nemendur í skólanum. Á yfirstandandi skólaári taka allir kennarar þátt í þróunarverkefni um teymisvinnu sem hófst með málstofu á vegum Skólaþjónustu Árnesþings um fjölbreytta kennsluhætti og teymisvinnu og heldur sú vinna áfram í samstarfi við Skólastofuna slf.

Skólinn varð nýverið þátttakandi í verkefninu Skólar á grænni grein og hefur því sett sér umhverfis-markmið til næstu tveggja ára og kosið hefur verið í umhverfisráð.

Starfsmenn

Starfsmenn eru samtals 16. Stjórnendur eru tveir sem báðir eru með kennsluskyldu. Við skólann starfa nú 11 kennarar í 9,3 stöðugildum. Allir kennarar skólans eru með kennsluréttindi utan tveir stundakennarar sem kenna hvor um sig fjórar stundir á viku í valgreinum á unglingsstigi. Einn sérkennari er við skólann og starfar hann einnig sem umsjónarkennari. Námsráðgjafi starfar við skólann í u.þ.b. 20% starfshlutfalli og er ráðinn sameiginlega með öðrum skólum í uppsveitum Árnessýslu og Flóahreppi. Þrír stuðningsfulltrúar starfa við skólann í 40–55% stöðuhlutföllum hver.

Karlmenn eru þrír af 16 starfsmönnum skólans.

Nokkur mannaskipti hafa orðið í skólanum undanfarið ár. Ráðnir voru tveir réttindakennarar í stað leiðbeinenda, einn kennari er í námsleyfi út þetta skólaár, einn kennari í hlutastarfi flutti sig alfarið yfir í Flóaskóla. Einn stuðningsfulltrúi hætti störfum í lok síðasta skólaárs og því stöðugildi var skipt í tvennt um áramótin og eru nú tveir stuðningsfulltrúar í starfi sem áður taldi einn. Einn stuðningsfulltrúi er í fæðingarorlofi. Deildarstjóri sérkennslu í 60% starfi hætti í lok síðasta skólaárs og ráðinn var aðstoðar-skólastjóri í 100% starf í staðinn.

Einn kennari fór í veikindaleyfi 1. febrúar 2016 og er nú í launalausum veikindaleyfi. Annar kennari fór í veikindaleyfi 1. ágúst og er enn í veikindaleyfi og kennari fór í veikindaleyfi í byrjun jólafrís en ekki er vitað annað en að um tímabundin veikindi sé að ræða.

Að sögn stjórnenda er reynt að nýta sérhæfingu og menntun kennara til hins ýtrasta.

Nemendur

Í Bláskógaskóla Reykholti eru 76 nemendur á vorönn 2017. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	9	5	10	11	11	3	9	7	4	7
Deild - samkennsluhópur	Yngsta deild 35 nemendur			Miðdeild 23 nemendur			Unglingadeild 18 nemendur			
Fjöldi umsjónarkennara – teymi kennara	3			2			2			
Viðbót á mán. og mið. Frá Laugarvatni								3	4	3
Viðbót í síðustu 2 tímum á mán. og mið. (Val) Úr Kerhólsskóla								1	4	5

Nemendur sem fá skilgreinda sérkennslu, það er nemendur sem eru með einstaklingsnámskrá vegna sérþarfa, eru þrír. Einn nemandi fær kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og auk þess eru nokkur tvítungd börn í skólanum. Tveir nemendur stunda nám á framhaldsskólastigi.

Árangur náms

Samræmd könnunarpróf

Einn einkunnakvarðinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnakvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og því er hægt að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60, meðaltalið er 30 og staðalfrávikíð tíu.

Samantekt á niðurstöðum 2015–2016

Í gögnum Menntamálastofnunar eru niðurstöður Bláskógaskóla ekki greindar sundur eftir starfsstöðvum fram til 2015. Hér verður því gerð grein fyrir árangri nemenda Bláskógaskóla Reykholti síðustu 1–2 ár. Ekki eru birtar töflur eða gröf þar sem nemendafjöldi er almennt undir þeirri tölu sem birtar eru niðurstöðu fyrir. Aðeins er fjallað almennt um árangur nemenda.

4. bekkur

Haustið 2015 tóku 10 nemendur 4. bekkjar samræmd próf í íslensku og stærðfræði og 2016 tóku 11 nemendur 4. bekkjar samræmd próf í íslensku og stærðfræði. Árangur nemenda 2016 var yfir meðaltali á íslensku og um meðaltal í stærðfræði.

Þátttaka er góð á samræmdum prófum, allir nemendur taka þátt.

7. bekkur

2016 tóku 9 nemendur samræmd próf í íslensku og stærðfræði. Árangur 2016 er yfir landsmeðaltali í íslensku en verulega undir í stærðfræði.

Þátttaka er góð á samræmdum prófum, allir nemendur taka þátt

10. bekkur

Samræmd könnunarpróf í 10. bekk eru nú að vori 2017 og eru því ekki með í þessari umfjöllun.

Í gögnum Menntamálastofnunar frá 2015 er árangur nemenda í 10. bekk allveg um meðaltal jafnaldrá í öllum þremur fögum, íslenskan og stærðfræðin er rétt yfir og enskan er rétt undir. 83% nemenda 10. bekkjar tók samræmd próf 2015.

Hlutfallsleg dreifing hæfnieinkunna nemenda 10. bekkjar Bláskógaskóla (ekki sundurgreint) 2015:

		A	B+	B	C+	C	D
Ísl	Landið allt	7,8	5,1	45,4	9,8	24,0	7,9
	Suðurland	4,5	2,7	41,4	9,6	29,7	12
	Bláskógaskóli	12,5	0	56,2	7,7	18,7	6,2
Stæ	Landið allt	7,2	5,9	45,1	8,4	21,4	11,9
	Suðurland	4,9	3,2	37,4	8,8	28	17,6
	Bláskógaskóli	12,5	12,5	31,2	0	37,5	6,2
Enska	Landið allt	8,1	6,3	48,6	7,4	20,4	9,2
	Suðurland	3,9	6	41,6	9,6	25,4	13,8
	Bláskógaskóli	6,2	6,2	37,5	12,5	31,2	6,2

Nemendur Bláskógaskóla eru hlutfallslega fleiri með A og B+ í hæfnieinkunn árið 2015 en nemendur á Suðurlandi og hlutfallslega fleiri eru með A en gerist á landsvísu í stærðfræði og íslensku.

Starfstími

Samkvæmt skóladagatali 2016–2017 er árlegur skólatími nemenda 180 dagar. Kennsludagar eru 175 „aðrir dagar“ eru: skólasetning, skólaslit, litlu-jól og foreldraviðtöl sem eru tvisvar á árinu. Skipulagsdagar kennara eru 13 þar af sex fyrir og tveir eftir skólatíma nemenda.

Vikulegur fjöldi kennslustunda á stundaskrá er samkvæmt viðmiðunarstundaskrá. Nemendur á miðstigi eru með fleiri stundir á viku en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir eða 37 í stað 35.

Forfalladagar á haustönn 2016 voru samtals 397 dagar og 4 stundir. Þar af eru 306 dagar vegna tveggja kennara í langtímaveikindum þar sem ráðið var tímabundið í tvær stöður. Skráðar afleysingar voru 208,5 stundir á haustönn. Almennt eru forföll mönnuð með réttindakennurum en þó kemur fyrir að kennari sem er fyrir með einn hóp, bæti á sig öðrum hópi í kennslu og fái greitt álag.

Sérfræðipjónusta

Skólinn sækir sérfræðipjónustu og ytri ráðgjöf til starfsfólks á Skóla- og velferðarpjónusta Árneshöfna og er þjónustan veitt í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

Niðurstöður

Svið I – Stjórnun

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 7. grein:

Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins. Skólastjóri boðar til kennarafunda svo oft sem þurfa þykir á starfstíma grunnskóla. Kennarafundi skulu sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skólans. Skólastjóri boðar til starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir.

Þá segir í aðalnámskrá grunnskóla: *Skólastjóri í samstarfi við starfsfólk ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem fer fram í viðkomandi skóla (kafli 10.1).*

Í Bláskógaskóla Reykholti er stjórnun þannig háttað að þar eru skólastjóri og aðstoðarskólastjóri sem skipta með sér verkum en báðir hafa töluvert mikla kennsluskyldu skv. kjarasamningum.

Nokkurs óróa hefur gætt síðustu misseri vegna stjórnunarhátta í skólanum. Eitt mál fór í kærufarli til þriggja ráðuneyta en við eftirgrennslan lögfræðinga af hálfu sveitarfélags hefur ekkert komið fram sem gefur tilefni til frekari afskipta. Auk þess barst mennta- og menningarmálaráðuneyti erindi um skólamál í Bláskógaskóla Reykholti og var það sérstaklega skoðað í tengslum við fyrirbyggjandi ytra mat. Töluverð starfsmannavelta hefur verið á sama tíma og er nánar fjallað um það í kaflanum Starfsmenn hér á undan.

Fagleg forysta

Stjórnandinn sem leiðtogi

Skólastjóri hefur forystu um að móta sýn og stefnu skólans, það er m.a. gert við endurskoðun skólanámskrár. Einkunnarorðin eru þó ekki skýrð út í gögnum skólans, það er gildi þeirra, eða um þau fjallað á heimasíðu en þau eru hins vegar á áberandi stað við inngang skólans. Í samtölum kom fram að nú sé í umræðunni að fækka þeim en í dag eru þau ellefu talsins og eru ekki skýr í vitund fólks.

Stjórnendur leggja rækt við samskipti við nemendur, starfsmenn og foreldra í daglegu starfi. Er það gert á margan hátt og ekki síst óformlega innan skólans þar sem nándin í fámönnum skóla gerir það að verkum að allar upplýsingar hafa stuttar boðleiðir. Skólastjórnendur fylgjast með kennslu með stuttum heimsóknum í kennslustundir og með umræðum á kennarafundum og stigfundum en veita ekki reglulega endurgjöf. Á heimasíðu skólans er miðlað upplýsingum um gæði skólastarfs og árangur nemenda bæði í skóla- og frístundastarfi.

Skólastjórnendur leggja áherslu á gæði náms og kennslu fyrir alla nemendur og vinna að því ásamt kennurum að efla faglegt starf og stefnu. Þegar núverandi skólastjóri tók við starfi fyrir hálfu öðru ári síðan, og skólinn sem slíkur nýr stofnun, voru mörg verkefni sem lágu fyrir. Má þar nefna endurskoðun skólanámskrár og starfsáætlunar, vinna að samhæfðu námsmati skv. aðalnámskrá, vinna við að skipuleggja hvernig grunnþættir menntunar fléttast inn í skólastarf auk þess sem nýtt vinnumat kennara tók gildi. Þá var einnig ákveðið að taka þátt í þróunarverkefni um teymisvinnu og vinna þurfti að því að efla jákvæðan skólabrag ekki síst meðal starfsfólks. Allt þetta gerði mjög miklar kröfur til starfsmanna og kom fram í viðtölum að álag hefur verið mikið á stjórnendur og annað starfsfólk.

Styrkleikar

- Allir hagsmunaaðilar þekkja stefnu skólans eins og hún birtist í skólanámskrá.
- Stjórnendur miðla upplýsingum um árangur nemenda í skóla- og frístundastarfi m.a. á heimasíðu skólans.
- Stjórnendur hvetja kennara markvisst til að auka sífelld gæði náms og kennslu.

Tækifæri til umbóta

- Gera skýra grein fyrir gildi einkunnarorða og gera þau sýnileg með umfjöllun í skólanámskrá og í daglegu starfi.
- Stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti endurgjöf.
- Gæta þess að hafa ekki of mörg nýbreytni- og þróunarverkefni samtímis sem veldur álagi á starfsmenn.

Stjórnun stofnunar

Skólastjórnendur skipta með sér verkum þannig að sérþekking þeirra og reynsla nýtist sem best. Við ráðningar er þess gætt að starfsmaður uppfylli lögbundnar kröfur um menntun. Þegar kennslu er skipað niður er tekið mið af menntun og sérhæfingu kennara eins og hægt er en vegna fámennis liggur í hlutarins eðli að kennarar verða að kenna fög sem þeir eru ekki endilega sérhæfðir í.

Starfslýsingar stjórnenda og annarra starfsmanna liggja fyrir í starfsmannahandbók og fyrir liggur skipurit sem endurspeglar gildandi fyrirkomulag stjórnunar í skólanum.

Starfsþróunarsamtöl eru reglulega fyrir alla starfsmenn og allir skrifa undir trúnað og þagnarskyldu við ráðningu. Verktakar sem vinna tímabundið í skólanum skrifa ekki undir slíkt.

Nýir starfsmenn fá í hendur starfsmannahandbók og kynningu á henni auk þess sem kennarar eru settir í ákveðin kennarateymi og fá þannig stuðning en ekki er til skráð ferli fyrir nýja starfsmenn.

Verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála og eineltismál í starfsmannahópnum liggja ekki fyrir hjá skóla eða sveitarfélagi og ekki hafa verið settar sérstakar reglur innan skólans um upplýsingagjöf um nemendur. Varðandi upplýsingagjöf um nemendur er stuðst við almennar reglugerðir og lög og sama gildir um skjalastjórnun.

Eins og fram hefur komið hefur töluvert álag verið á starfsfólk skólans en í samtali við formann skólanefndar kom fram að hann telur að meirihluti skólanefndar beri traust til stjórnenda skólans og verið sé að byggja upp þennan nýja skóla á faglegan hátt. Hjá rýnihópi foreldra var sagt að „... komin sé mikil festa í stefnunni, það er búið að marka braut sem fólk er alveg að fylgja eftir ...“.

Styrkleikar

- Starfslýsingar allra starfsmanna liggja fyrir.
- Kennarar sinna almennt kennslu sem er í samræmi við menntun þeirra og sérhæfingu.
- Starfsþróunarsamtöl eru regluleg og stjórnendur veita starfsfólki endurgjöf fyrir vel unnin störf.

Tækifæri til umbóta

- Gera móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.
- Huga að því að verktakar skrifi undir trúnað og þagnarskyldu.
- Vinna að gerð verklagsreglna um meðferð ágreiningsmála í starfsmannahópi.

Faglegt samstarf

Að mati viðmælenda einkenna lýðræðisleg vinnubrögð samstarfið í skólanum í dag. Í stefnu Bláskóga-byggðar, sem jafnframt er stefna skólans, er fjallað um að nemendur skuli búa við námsumhverfi sem mótast af lýðræðislegri þátttöku en í skólanámskrá er ekki beint fjallað um lýðræði t.d. með grunnþætti menntunar í huga.

Í nýlegri könnun á líðan og aðbúnaði starfsmanna kemur fram að samstarfið einkennist af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti. Sama sjónarmið kom fram í rýnihópum starfsfólks. Undanfarin misseri hafði borið á erfiðum samskiptum og fráhrarfi fólks úr skólanum af heilsufarsástæðum. Því var

fenginn vinnustaðasálfræðingur í lið með starfsfólkinu til að kanna líðan fólks og síðan gera áætlanir um úrbætur sem samkvæmt þessu hafa skilað sér.

Sett er upp fundaáætlun fyrir skólaárið sem nær til alls starfsfólks. Formlegir kennarafundir eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir ritaðar og aðgengilegar. Aðrir reglulegir fundir eru stigsfundir og teymisfundir og mánaðarlegir fundir með skólabílstjórum og starfsmannafundir þar sem allir starfsmenn eiga aðild að eru við upphaf anna og á starfsdögum.

Samstarf um nám og kennslu er reglulegur þáttur í starfi skólans og fer fram bæði formlegt og óformlegt og miðar alltaf að því að styrkja nám nemenda. Faglegt samstarf kennara fer fram í faghópum, á aldurstigum í samræmi við stefnu skólans.

Samskipti við leikskóla eru mikil, skráð og virk. Framhaldsskólar á Suðurlandi kynna starfsemi sína fyrir elstu nemendum auk þess sem fram fara gagnkvæmar heimsóknir.

Styrkleikar

- Stjórnendur boða reglulega til kennarafunda og stigs- og teymisfundir eru reglulegir.
- Viðfangsefni samstarfs kennara er fyrst og fremst nám og kennsla og samskipti við nemendur.
- Samstarf leik- og grunnskóla er reglulegt, skráð og virkt.

Tækifæri til umbóta

- Huga að því að fjölga almennum starfsmannafundum.
- Halda áfram þeirri vinnu sem unnið hefur verið að við að efla jákvæðan starfsanda.
- Skrá ferli samskipta grunn- og framhaldsskóla og birta í skólanámskrá.

Skólaþróun

Umbótaáætlun sem skólinn hefur gert snýr fyrst og fremst að einum þætti, líðan og aðbúnaði starfsfólks og byggir á innra mati á starfinu. Í starfsáætlun er einnig rætt um umbótaáætlun en þar er verið að segja frá þróunar- og nýbreytniverkefnum sem ákveðin voru í kjölfar innra mats fyrir skólaárið 2015–2016.

Í endurmenntunaráætlun skólans sem birt er í starfsáætlun er rætt um helstu markmið endurmenntunar starfsmanna og áherslur skólans í endurmenntun en ekki fjallað um hvernig einstaklingar sækja símenntun að öðru leyti. Samræmi er milli símenntunaráætlunar og umbótaáætlunar.

Kennarar eru hvattir til að efla sig í starfi með þátttöku í þeirri fræðslu sem skólinn býður upp á og Skólaþjónusta Árnesþings. Í rýnihópi kennara kom fram að erfiðara er að sinna endurmenntun þegar um sérhæfða kennslu er að ræða.

Styrkleikar

- Þróunar- og umbótaáætlun byggir á stefnu skólans svo og innra mati á starfinu.
- Símenntun kennara miðar að því að efla þá í starfi.

Tækifæri til umbóta

- Gera tímasetta símenntunaráætlun þar sem koma fram hverjir leiða fræðsluna, þátttakendur og hvernig einstaklingar sækja símenntun.
- Leita leiða til að skapa „einyrkjum“ í sínu fagi tækifæri til að sinna faglegri endurmenntun.

Stefnumótun og skipulag

Starfsáætlun og skólanámskrá

Starfsáætlun uppfyllir að mestu þau viðmið sem birt eru í aðalnámskrá grunnskóla. Þar er rætt um tilhögun kennslu, starfsáætlun nemenda m.a. nemendafélag og tómstundastarf, ýmsar áætlanir, skóladagatal og annað sem breytist frá ári til árs. Starfsáætlun er uppfærð árlega og lögð fyrir skólaráð. Skólastjóri hefur sinnt endurskoðun starfsáætlunar.

Skólanámskrá uppfyllir einnig mörg viðmið sem birt eru í aðalnámskrá grunnskóla. Þar vantar þó umfjöllun um grunnþætti menntunar og hvernig þeir birtast í skólastarfinu. Þá er ekki fjallað beint um stefnu skólans t.d. hvernig hún birtist í einkunnarorðum hans. Takmarkaðar upplýsingar eru um sögu skólans og þróun skólastarfs í Reykholti.

Nokkrir þættir eru tvíteknir, þ.e. bæði birtir í skólanámskrá og starfsáætlun svo sem skólareglur, námsmat og umfjöllun um einelti. Starfsfólk tekur þátt í gerð skólanámskrár og samráð er haft við skólaráð en fyrst og fremst er hún unnin af skólastjórnendum.

Skóladagatal uppfyllir viðmið um árlegan starfstíma, þar eru merktir skipulagsdagar, vetrarleyfi og foreldraviðtalsdagar en svokallaðir „skertir dagar“ eru ekki merktir sérstaklega.

Styrkleikar

- Starfsáætlun uppfyllir að flestu leyti þau viðmið sem koma fram í aðalnámskrá grunnskóla.
- Skólanámskrá endurspeglar áherslur í skólastefnu sveitarfélagsins.
- Starfsfólk tekur þátt í gerð skólanámskrár.

Tækifæri til umbóta

- Gera grein fyrir sögu skólans, einkunnarorðum, sýn og stefnu, í skólanámskrá.
- Fjalla um grunnþætti menntunar í skólanámskrá og hvernig þeir fléttast inn í skólastarfið.

Skóladagur nemenda

Skóladagur nemenda er heildstæður og vikulegur námstími í samræmi við viðmiðunarstundaskrá. Raunar fá nemendur á miðstigi fleiri stundir en gert er ráð fyrir eða 37 í stað 35. Stundatafla er samfelld með eðlilegum hléum þannig að vinnuálag miðist við aldur nemenda og þroska.

Með því að gera teymin ábyrg fyrir skiptingu milli bóklegra greina hjá hverjum námshópi eiga þau kost á að nýta sveigjanleika viðmiðunarstundaskrár til að skapa samfellu í námi.

Námsgreinar eru samþættar á öllum stigum. Það er t.d. gert í þemaverkefnum sem ná hvert um sig yfir nokkrar vikur. Á vettvangi mátti líka sjá að upplýsingatækni er samþætt ýmsum greinum.

Vegna fámennra árganga er mikil samkennd þannig að nemendahópar eiga sameiginlega tíma á töflu. Á unglingsstigi er boðið upp á fjölbreyttar valgreinar þegar horft er til fjölda nemenda, þannig gefst nemendum tækifæri til að dýpka þekkingu á námssviðum og á áhugasviði þeirra. Ekki er þess getið í námsvísun/árganganámskrám að nemendur geti fengið nám utan skóla metið til valgreina óski foreldrar eftir því.

Styrkleikar

- Vikulegur kennslutími nemenda er meiri en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir (á miðstigi).
- Sveigjanleiki viðmiðunarstundaskrár er nýttur til að skapa samfellu í námi.
- Námsgreinar eru samþættar á öllum stigum.
- Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar.

Tækifæri til umbóta

- Gera grein fyrir í umfjöllun um valgreinar í skólanámskrá að nám nemenda utan skóla geti verið metið til valgreina óski foreldrar eftir því.

Verklagsreglur og áætlanir

Skólareglur og viðurlög við þeim liggja fyrir. Þær voru unnar í samvinnu við nemendur og foreldra á nemendapingi á síðasta skólaári. Annað nemendaping var haldið í vetur og þar var rætt um frímínútur, aðbúnað í þeim og fleira. Í kjölfar þess hafa eldri nemendur stjórnað leikjum í frímínútum. Skólareglur eru birtar bæði í skólanámskrá og starfsáætlun en ekki sýnilegar í skólastofum. Á yngsta stigi eru bekkjarreglur í kennslustofum sem unnar hafa verið í samvinnu nemenda og umsjónarkennara.

Í almennum hluta skólanámskrár þar sem fjallað er um tómskundastarf og félagslíf kemur fram að nemendur sem ekki fara eftir reglum skólans varðandi mætingar og hegðun eiga það á hættu að verða útilokaðir frá ferðum og félagslífi skólans. Þessa er hins vegar ekki getið í viðurlögum við skólareglum enda ekki í samræmi við Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.

Í rýnihópum kom fram að nemendur og starfsmenn upplifa jákvæðan skólabrag en ekki er fjallað um hvað felst í jákvæðum skólabrag í skólanámskrá eða leiðir til að viðhalda honum.

Ekki er til sérstök forvarnaráætlun, nema verklagsreglur og viðbrögð við einelti, en fram kemur í almennum hluta skólanámskrár að árlega er rætt við eldri nemendur um ávana- og fíkniefni og forvarnir gegn þeim. Einnig eru kynnt ýmis bréf og fræðsluefni sem berast frá Krabbameinsfélaginu og Landlæknisembættinu.

Í lestrarstefnu Bláskógabyggðar, sem jafnframt er stefna skólans, er listi yfir kannanir og skimanir sem lagðar eru fyrir nemendur til að finna þá sem þurfa námsaðstoð. Sérkennsla og stuðningur er skipulagður fyrir þá nemendur sem þess þurfa en ekki er til áætlun um þá stoðþjónustu.

Móttökuáætlanir eru til fyrir nýja nemendur, nemendur með annað tungumál en íslensku og nemendur með sérstakar þarfir.

Styrkleikar

- Skólareglur og viðurlög við þeim eru unnar með nemendum.
- Verklagsreglur um einelti liggja fyrir og unnið er eftir þeim.
- Móttökuáætlanir eru til fyrir alla nýja nemendur.
- Gerð er áætlun um kannanir og skimanir sem lagðar eru fyrir nemendur til að finna þá sem þurfa sérstaka aðstoð.

Tækifæri til umbóta

- Skilgreina og móta leiðir til að viðhalda jákvæðum skólabrag og fjalla um í skólanámskrá.
- Endurskoða kaflann um tómskundastarf í skólanámskrá m.t.t. viðurlaga vegna brota á reglum.
- Gera forvarnaráætlun.
- Vinna árlega áætlun um sérkennslu og stuðning.
- Gera skólareglur sýnilegri í kennslurýmum skólans.

Samskipti heimila og skóla

Skólaráð, foreldrafélag

Skólastjóri vinnur með skólaráði sem er virkur samráðsaðili í stjórnun skólans og stefnumörkun. Skólaráð hefur ekki beint sett sér vinnureglur en í skólanámskrá eru talin upp öll helstu atriði sem verða til umfjöllunar á fundum ráðsins. Í starfsáætlun er rætt um fjölda funda á skólaárinu og dagsetningar þeirra kynntar.

Fundir skólaráðs eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir aðgengilegar á heimasíðu skólans. Fulltrúar starfsmanna í skólaráði eru kjörnir lýðræðislegri kosningu til tveggja ára í senn. Fulltrúar nemenda koma úr stjórn nemendafélagsins en eru ekki kosnir til tveggja ára. Fulltrúar foreldra hafa ekki verið kjörnir á lýðræðislegan hátt.

Ekki hefur verið boðað til stofnfundar foreldrafélags eftir að nýr skóli Bláskógaskóli Reykholti tók til starfa og því er formlegt foreldrafélag ekki til staðar. Samkvæmt 9. grein Laga um grunnskóla nr.91/2008 er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess.

Styrkleikar

- Allar helstu ákvarðanir er varða stefnu, skólahald og skólaþróun eru lagðar fyrir skólaráð til umsagnar.
- Fundir skólaráðs eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir eru á heimasíðu skólans.

Tækifæri til umbóta

- Kjósa nemendur og foreldra í skólaráð lýðræðislegri kosningu til tveggja ára.
- Stofna foreldrafélag skv. 9. grein Laga um grunnskóla nr.91/2008.

Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun

Stjórnendur og umsjónarkennarar halda uppi virku samstarfi við foreldra ásamt öðrum kennurum skólans. Meðal annars með því að kynna námsmarkmið og leiðir að þeim í byrjun skólaárs. Allir foreldrar fá þau skilaboð frá skólanum að hlutverk þeirra í námi barnanna sé mikilvægt og samstarfið við þá skipti velferð barna þeirra miklu máli.

Foreldrar í rýnihópi sögðu að foreldrar væru alltaf velkomnir í skólann og þeim er boðið á ýmsa viðburði. Má þar nefna lokadag í þemaverkefnum, árshátíð, Stóru upplestrarkeppnina, jóladagskrá auk skólaslita og skólasetningar.

Leitað er eftir tillögum og hugmyndum foreldra um það sem betur má fara í opnum spurningum í Skólapúlsi. Á skólaþing með nemendum sem haldin hafa verið árlega undanfarin tvö ár, eru foreldrar líka velkomnir og þar er skipst á skoðunum um ýmis mál.

Tölvupóstur er algengasti máttinn til að senda upplýsingar milli heimila og skóla. Á yngsta stigi er oftast sendur póstur á mánudögum um það sem framundan er og „miðstigsfréttir“ eru sendar öðru hvoru frá því stigi. Ýmsar upplýsingar eru líka skráðar í Mentor en það er ekki samræmt hvaða og hvernig upplýsingar koma þar fram hjá kennurum.

Í niðurstöðum foreldrakönnunar í Skólapúlsi sem gerð var í byrjun þessa árs eru nokkrir þættir sem víkja marktækt frá landsmeðaltali þeirra sem þátt taka í Skólapúlsi. Þar kemur fram að ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum er undir meðaltali og þegar nánar er skoðað kemur það fyrst og fremst fram í svörum foreldra sem eiga nemendur á unglingsstigi. Sama gildir um ánægju með stjórnun skólans, þar er marktækur munur þar sem um 75% foreldra eru ánægðir þegar landsmeðaltalið er 90%. Þess ber þó að geta að þessari spurningu svaraði ekki fjórðungur foreldra sem skekkir nokkuð niðurstöðuna. Foreldrar eru áberandi ánægðari með aga í skólanum en foreldrar í öðrum þátttökuskólum.

Áberandi hátt hlutfall nemenda nýtir sér tómstundapjónustu/frístundaheimili og sama gildir um notkun á mötuneyti sem er 100%.

Þegar skoðaðir eru þættir um samstarf foreldra og skóla kemur fram að foreldrar telja þörf á að efla það, fá meiri upplýsingar um stefnu skólans o.fl. Þegar skoðaður er kafli sem nefnist „heimastuðningur“ kemur fram að virkni foreldra í námi barna sinna er marktækt minni en landsmeðaltal og væntingar foreldra um menntunarstig barna sinna eru áberandi minni. Þegar betur er rýnt í svör eru það fyrst og fremst minni væntingar um að drengir mennti sig.

Haldnir hafa verið fundir kennara á unglíngastigi í Reykholti og Laugarvatni og unnið var saman að þemaverkefni, einnig hittast skólastjórar á samráðsfundum stjórnenda Bláskógabyggðar. Samskipti vegna nemenda á unglíngastigi í þessum skólum og í Kerhólsskóla, en nemendur þaðan sækja valgreinar tvisvar í viku í Bláskógaskóla Reykholti, eru þó mest í gegnum umsjónarkennara. Fram kom í rýnihópum að auka þurfi upplýsingagjöf til foreldra nemenda úr Bláskógaskóla Laugarvatni og Kerhólsskóla, hafa a.m.k. skýrt og skráð hvernig upplýsingar fara á milli skólanna og hver ber ábyrgð á þeim.

Styrkleikar

- Kynning á námsmarkmiðum og leiðum til að ná þeim er hluti af virku samstarfi heimila og skóla.
- Skipulagðar foreldraheimsóknir eru reglulegur þáttur í skólastarfinu.
- Heimasíða skólans er virk og inniheldur réttar og hagnýtar upplýsingar.

Tækifæri til umbóta

- Skrá hvernig upplýsingagjöf til foreldra í Bláskógaskóla Laugarvatni og Kerhólsskóla er háttað og hver ber ábyrgð á henni.
- Samræma hjá kennurum hvaða upplýsingar á að setja í Mentor t.d. varðandi niðurstöður námsmats.
- Leita allra leiða til að efla samstöðu og jákvæðni meðal allra í skólasamfélaginu.

Svið II – Nám og kennsla

Skólastefna Bláskógabyggðar er frá 2011. Þar segir um nám og kennslu: „hlutverk skólanna er að stuðla að þroska, velferð og menntun hvers og eins. Leitast er við að efla nemendur í sjálfstæðri hugsun og hæfni til að leysa verkefni, bæði sjálfstætt og í samvinnu við aðra með jákvæðu viðhorfi.“ Stuðla á að einstaklingsmiðuðu námi, fjölbreyttum, skapandi og hvetjandi námsháttum.

Lögð er áhersla á að námsumhverfi nemenda mótist af lýðræðislegri þátttöku, virðingu, samhug og gleði. Einnig á að leggja áherslu á samvinnu óháð aldri nemenda.

Stefna skólans er sett fram myndrænt í laufblaði sem er tákn beggja Bláskógarskólanna og eru ellefu einkunnarorð tengd því. Þetta tákn og einkunnarorðin eru á vegg móti inngangi í skólanum. Þessi einkunnarorð koma ekki fram í skráðum gögnum skólans.

Nám og námsaðstæður

Inntak og árangur

Í viðtölum og vettvangsathugunum kom fram að skólinn leitast við að sinna velferð og námslegum þörfum allra nemenda, án aðgreiningar. Skólanámskrá er birt á heimasíðu þar sem fjallað er um helstu þætti skólstarfsins. Almenni hlutinn var endurskoðaður í haust af stjórnendum skólans og lagður fyrir kennara, nemendur og skólaráð. Foreldrar komu að gerð skólareglna en ekki að annarri endurskoðun. Bekkjarnámskrár hvers árgangs eru með námsvísunum tengdum einstaka námsgreinum og hjá miðstigi eru þemu sem unnið er með þvert á námsgreinar skráð með hæfniviðmiðum. Námsvísar greina hafa ekki fyllilega samræmt innihald. Yfirleitt er ekki getið um matsviðmið í námsvísunum. Nemendur og foreldrar sem við var rætt nýta ekki námsvísana markvisst. Ekkert kemur fram í almenna hluta skólanámskrár um grunnþætti menntunar og ekki vel sýnilegt á mörgum námsvísunum að þeim séu sérstaklega gerð skil í námi og kennslu. Fram kom hjá kennurum og stjórnendum að stefnan sé að flétta grunnþættina inn í kennsluáætlanir.

Fylgst er með árangri nemenda og unnið úr niðurstöðum kannana og prófa. Ekki liggja fyrir margar opinberar árangurskannanir þar sem skólinn er á öðru starfsári sínu en þær sem gerðar hafa verið benda til að árangur náms sé almennt góður. Könnun var gerð á líðan nemenda í 6.-10. bekk haustið 2016 og vorið 2017. Fram kemur í báðum könnunum að líðan nemenda er alveg á pari við líðan annarra nemenda sem taka þátt í könnun Skólapúlsins á landsvísu og 82% nemendanna telja kennara áhugasama um að nemendum líði vel.

Styrkleikar

- Nemendur ná almennt góðum árangri í námi.
- Skólinn vinnur að því að mæta þörfum allra nemenda.
- Sett eru fram í bekkjarnámskrá hvaða þemu unnið er með á miðstigi og hæfniviðmið tengd þeim.

Tækifæri til umbóta

- Uppfæra, samræma og tengja námsvísa bekkja betur við gildandi aðalnámskrá.
- Setja fram hvernig grunnþáttum eru gerð skil í námi og kennslu í skólanum.
- Skrá markvissar þemu sem unnið er með og tengja við námsgreinar og hæfniviðmið.

Skipulag náms og námsumhverfi

Námsumhverfi, aðbúnaður og gögn styðja við nám og þarfir allra nemenda. Skólahúsnæði er vel um gengið og nýtt á fjölbreyttan hátt, í vettvangsheimsókn sást m.a. hvernig miðrýmið „kringlan“ nýtist í námi og kennslu. Kennslurými eru almennt vistleg með ýmsum námstengdum verkefnum á veggjum og námsgögnum aðgengilegum. Ekki er eins mikið um námstengd verkefni og gögn í kennslustofum unglínganna. Aðstaða er til list- og verkgreinakennslu og í miðju hússins er bókasafn með upplýsingatækniáðstöðu. Nemendur hafa val um fjölbreyttar námsgreinar og viðfangsefni. Á miðstigi er val tengt áhugasviði og á unglíngastigi er val í átta kennslustundum á viku þar sem elstu nemendur Bláskógaskóla á Laugarvatni og Kerhólaskóla eru einnig. Nám nemenda er skipulagt með námsvísium/bekkjarnámskrám þar sem stigvaxandi kröfur í námi koma fram. Í almenna hluta skólanámskrár er gerð grein fyrir námsmati. Þar kemur fram að námsmat er tengt annaskiptum en skólinn er tveggja anna. Matið er birt sem bókstafur sem vísa á til ákveðinnar hæfni nemandans og hefur það verið tekið upp hjá öllum árgöngum. Í skólanámskrá segir að námsmatið byggi annars vegar á prófum, könnunum og verkefnum og hins vegar á ástundun og framkomu nemenda í samræmi við reglur skólans. Viðmið um árangur eða matskvarðar koma ekki fram í almenna hluta skólanámskrárinnar en eru skráðir í sumum námsgreinum hjá nokkrum bekkjardeildum. Í kafla um námsmat í skólanámskrá er vísað til eldri matskvarða tengdum mati á hæfni í aðalnámskrá grunnskóla².

Samstarf leik- og grunnskóla er bæði skráð og virkt. Leikskólinn fékk inni í skólanum tímabundið í sum- ar vegna myglu í húsnæði leikskólans. Nú horfir svo við að leikskólinn verði áfram í skólanum um sinn. Samstarf er um skólasel og einnig geta unglíngar valið að tengjast störfum leikskólans sem valgrein. Ekkert kemur fram um samstarf við framhaldsskóla í skólanámskrá. Hjá stjórnendum og kennurum kom fram að nemendur skólans taka áfanga á framhaldsskólastigi. Nemendasamtöl eru ekki skipulega við einstaka nemendur en nemendur eru með í foreldraviðtölum tvisvar á ári. Hjá nemendum kom fram að nemendasamtöl væru nú fyrst og fremst ef nemandi gerði eitthvað af sér. Hjá rýnihópum kom fram að heimanám sé fyrst og fremst í lestri og einnig ef þarf að ljúka verkefni sem ekki hefur náðst að klára á skólatíma. Í skólanámskrá er aðeins fjallað um heimanám og þar kemur fram að nemendur geti þurft að sinna einhverri heimavinnu. Kennarar nefna að það sé stefna að hafa ekki heimanám. Þeir rökstyðja það með því að viðvera nemenda yngri deilda sé mikil, yngstu nemendur eru í skólaseli og miðstig er með fleiri kennslustundir en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir. Einnig eru sumir í löngum skólaakstri svo skóladagur þeirra verður langur. Heimavinna er að mati nemenda sem svara Skólapúlsi ekki mikilvæg í námi, sem getur verið tengt stefnu skólans um að ekki sé áhersla á heimanám.

Styrkleikar

- Skólahúsnæðið er vel nýtt og umgengni er góð.
- Fjölbreyttar valgreinar eru í boði hjá unglíngastigi og miðstignemendur hafa val í formi áhugasviðsverkefna.
- Gott samstarf er við leikskólann og nemendur beggja skólastiga eiga í góðum samskiptum.
- Tekið er tillit til aðstæðna nemenda við skipulag heimanáms.

Tækifæri til umbóta

- Aðgreina á mat á árangri í námsgreinum og mat á framkomu og hegðun.
- Uppfæra þarf kafla um námsmat í samræmi við áorðnar breytingar á aðalnámskrá grunnskóla.
- Birta viðmið um árangur tengt námsmati í námsáætlunum.

² Kvarðanum var breytt með auglýsingu ráðuneytis nr. 838/2015.

Kennsluhættir og gæði kennslu

Kennsla við skólann er skipulögð sem teymiskennsla og hefur hvert teymi umsjón með námshópi nemenda sem eru í samkennslu árganga á yngsta, mið- eða unglíngastigi. Í almennum hluta skólanámskrár er aðeins getið um teymisvinnu kennara en lítið er fjallað um samkennslu árganga annað en sem skipulag. Kennarar eru allir fagmenntaðir og sýna góða fagþekkingu. Tími nemenda var almennt vel nýttur til náms í þeim kennslustundum sem metnar voru og nemendur segja kennara útskýra vel og einn í rýnihópi nemenda sagði: „... ef ég næ þessu ekki þá er mér bara leiðbeint gegnum það ... kennarinn veit svo vel hvernig við erum og hjálpar okkur að læra.“ Fram kom hjá nemendum að almennt væru samskipti við kennara góð en fyrir kæmi að samskipti við stöku kennara væru það ekki. Það kemur einnig fram á Skólapúlssi vorsins hjá nemendum 6.-10. bekkjar.

Kennarar nefna að með því að vinna í teyllum nýttist mannauðurinn vel og að í litlum skóla verði kennari að „taka að sér alls konar fög“. Fram kom einnig hjá rýnihópi kennara að kennarar væru að færa sig úr einangrun í samstarf og samvinna innan teymanna væri góð en þau væru að vinna að betra samstarfi í hópnum sem heild. Kennsluhættir eru fjölbreyttir og samþætting námsgreina með þeim hefur markvisst verið nýtt sem náms- og kennsluáferð. Fram kom í rýnihópum að þemavinna hafi verið mikil fyrir áramót og dregið hafi úr henni eftir áramót. Samvinna nemenda er meiri en almennt gerist í skólum sem metnir hafa verið. Nám nemenda var skipulagt með samvinnu í 17% stundanna sem matsmenn sáu og að hluta í þriðjung þeirra. Nemendum var yfirleitt sagt hvað ætti að fara fram í tímum en markmið með námi eða verkefnum var sjaldan kynnt eða tengt við markmið námskrár. Kennsluathafnir kennara eru það sem kalla má bein kennsla í rúmlega helmingi kennslustundanna og ívið meira er af kennsluathöfnum sem leggja áherslu á spurningar og lausnaleit sem reyna á rök-hugsun nemenda en í þeim tæplega eittþúsund kennslustundum sem metnar hafa verið í ytra mati. Kennarar hafa unnið að þróun námsmats í samræmi við gildandi aðalnámskrá og gefa nú vitnisburð út frá hæfni og með bókstöfum. Hjá foreldrum kom fram að huga þyrfti að því að framsetning vitnisburðar væri samræmd hjá kennurum ólíkra námsgreina.

Styrkleikar

- Kennarar sýna góða fagþekkingu og námstími er vel nýttur.
- Kennarar telja teymiskennslu efla starfið.
- Samþætting námsgreina er nýtt á öllum skólastigum.
- Samvinna nemenda í námi er víðtæk.

Tækifæri til umbóta

- Gera kennslufræði tengdri samkennslu árganga betur skil í skólanámskrá.
- Samræma vitnisburði um nám og námsárangur milli námsgreina.
- Skilgreina teymiskennslu og setja fram markmið með vinnu teyma.

Námshættir og námsvitund

Nemendur voru almennt frekar áhugasamir um nám sitt og sýndu góða hegðun í og umhverfis hús-næði skólans. Fram kemur í svörum nemenda 6.–10. bekkjar í Skólapúlsskönnun að virk þátttaka nemenda í tímum er um landsmeðaltal en hefur farið aðeins minnkandi frá fyrri könnun. Virk þátttaka er mæld sem tækifæri nemenda til að tjá sig um skoðanir sínar og taka þátt í opnum og skipulögðum umræðum um námsefnið. Agi í tímum mældur í sömu könnun er marktækt betri en gerist á landsvísi.

Síðustu tvö skólaár (2015–'16 og 2016–'17) hefur áhugi á stærðfræði verið marktækt minni hjá nemendum skólans en nemendum annarra skóla sem taka könnunina. Einnig hafa nemendur 6.–10. bekkjar skólans síðustu tvö skólaár minni ánægju af náttúrufræði en aðrir nemendur sem taka könnun Skólapúlssins. Þar kemur fram að ánægja stúlkna af náttúrufræði er minni en gerist hjá kynsysturum annarra þátttökuskóla.

Athygli vekur að strákar hafa marktækt minni trú á eigin námsgetu en kynbræður á landsvísu og ánægja þeirra af lestri er mun minni en annarra stráka sem taka þátt í þessari könnun. Samband drengja við kennara hefur í könnuninni frá haustinu fallið frá fyrri könnun. Nemendur gera sér grein fyrir hæfileikum sínum og hafa skoðun á hvernig þeim finnst best að læra.

Hjá nokkrum bekkjardeildum segjast nemendur fá markmið eða kennsluáætlun að vinna eftir í einstaka námsgreinum eins og íslensku og stærðfræði. Nemendur yngstu deildar nefna að þeir setji sér markmið með kennara sínum sem felast í að klára ákveðnar blaðsíður innan tímamarka og fram kom hjá unglíngunum, að þeir setja sér markmið að ná vissum árangri á lotuprófum eins og tekin eru í stærðfræði.

Fjölbreyttar leiðir eru nýttar við nám og kennslu, unnið er með samþætt verkefni á öllum stigum, val tengt áhugasviði nemenda er hjá miðstigi og elsta stig er með fjölbreyttar valgreinar. Nemendur nýttu upplýsingartækni í þriðjungi kennslustundanna sem matsmenn sáu. Upplýsingatækni var notuð til náms á fjölbreyttan hátt.

Styrkleikar

- Nemendur eru almennt áhugasamir um nám og góð hegðun er í kennslustundum.
- Upplýsingatækni er notuð til náms á fjölbreyttan hátt.

Tækifæri til umbóta

- Auka þátttöku nemenda við áætlanagerð í námi og mat á eigin árangri.
- Efla þarf áhuga eldri nemenda á náttúrufræði- og stærðfræðinámi.
- Huga þarf með nemendum að því hvað veldur kynjamun sem fram kemur í niðurstöðum Skólalápsins um áhuga á námi, trú á námsgetu og samskiptum við kennara.

Þátttaka og ábyrgð nemenda

Lýðræðisleg vinnubrögð

Leitað er sjónarmiða nemenda á ýmsan hátt svo sem með könnunum Skólalápsins fyrir 6.–10. bekk og með skólaþingum sem haldin hafa verið undanfarin ár. Skólaþing eru um ákveðin málefni svo sem skólareglur. Nemendur sögðu lýðræði vera í heiðri haft í skólanum, þeir hafi komið að því að móta skólareglurnar og geti komið skoðunum sínum á framfæri. Vikulegir bekkjarfundir eru hjá yngstu- og miðdeild og nemendur í rýnihópi lögðu áherslu á að þau ræði saman í bekkjunum þegar þarf. Nemendur velja sér nemendaráð frá 7. bekk en nemendur velja ekki skólaráðsfulltrúa sína heldur eru þeir skipaðir af stjórnendum úr nemendaráði. Fram kom hjá nemendum í rýnihópi að þeir vissu ekkert hvað skólaráð er eða um hlutverk þess. Nemendur könnuðust ekki við að þeim væru sérstaklega kynntar niðurstöður kannana sem þeir taka þátt í.

Styrkleikar

- Nemendur hafa möguleika á að tjá sig um málefni er varða þá og námsumhverfi þeirra.
- Haldin eru nemendaþing um málefni er snerta nemendur.
- Bekkjarfundir eru reglulega hjá yngstu- og miðdeild.

Tækifæri til umbóta

- Upplýsa þarf nemendur um hlutverk skólaráðs og nemendafulltrúa í ráðinu.
- Nemendur velji fulltrúa í skólaráð samkvæmt starfsreglum nemendaráðs.
- Kynna þarf nemendum niðurstöður kannana sem þeir taka þátt í eða er varða þá.

Ábyrgð og þátttaka

Matsmenn sáu ábyrga nemendur og umhverfi jákvæðra samskipta, samstarfs og virðingar í kennslurýmum og öðru umhverfi skólans. Nemendur nýta ekki markvisst námsvísa með markmiðum í námi sínu. Ábyrgð nemenda á eigin námi kemur fram í að sumar bekkjardeildir gera sér áætlun í einstaka námsgreinum. Nemendur vita til hvers er ætlast í kennslustundum og ákveðnum verkefnum en markmið náms í heild eða hveðrar annar eru þeim ekki vel sýnileg eða aðgengileg. Nemendur kannast við að meta eigið nám í tengslum við þemaverkefni, í upplýsingatækni og tengt handavinnu.

Styrkleikar

- Nemendur eru ábyrgir í námi og framkomu.
- Í sumum fögum fá nemendur vikulegar námsáætlanir.

Tækifæri til umbóta

- Gera viðmið um árangur opinber í öllum námsgreinum.
- Gera nemendum betur grein fyrir tengslum hæfniviðmiða og eigin námsframvindu.
- Efla markmiðssetningu og sjálfsmat nemenda í námi.

Námsaðlögun

Nám við hæfi allra nemenda

Allir sem rætt var við töldu skólann leitast við að mæta námsþörfum allra nemenda og vera skóla án aðgreiningar. Allir nemendur taka virkan þátt. Sérstaklega var nefnt að í tengslum við að nemendur Laugarvatns sem koma tvo daga í viku séu þeir með í öllu sem tengist námi og starfi skólans þá daga. Nemendur fást að jafnaði við efni við hæfi innan samkennsluhópanna. Lítið er getið um námsaðlögun í námsáætlunum þó eru á miðstigi sérstakar stigskiptar áætlanir, allavega í ensku. Að mati foreldra fást nemendur yfirleitt við krefjandi viðfangsefni, þó er nefnt að fylgja þurfi vel eftir þegar nemendur eru góðir námsmenn að þeir fái nám við hæfi. Nemendur við skólann stunda nám á framhaldsskólastigi.

Styrkleikar

- Skólinn er að mati viðmælenda skóli sem mætir þörfum allra og án aðgreiningar.
- Allir nemendur taka virkan þátt í skólastarfi.

Tækifæri til umbóta

- Gera þarf almennt betur grein fyrir námsaðlögun í bekkjarnámskrám, svo sem hvernig á að mæta bráðgerum nemendum í námi.

Stuðningur við nám

Fylgst er með námi og framförum á margvíslegan hátt. Sérstök viðmið um lestur eru sett fram fyrir hvert stig í lestrarstefnu skólans sem tekur mið af ítarlegri lestrarstefnu Bláskógabyggðar. Yfirlit yfir skimanir og prófanir sem nýttar eru, tengt lestri, eru einnig í bæklingum um lestrarstefnu stiganna. Ekki kemur fram hjá skóla hvernig bregðast eigi við ef viðmiðum eða markmiðum er ekki náð en um það er getið í lestrarstefnu Bláskógabyggðar. Umsjón með tengslum skóla við sérfræðiþjónustu er á höndum aðstoðarskólastjóra. Ekki er skýrt fram sett hvernig umsjón sérkennslu innan skólans er háttað. Sérmenntaður kennari sér um hluta sérkennslunnar ásamt umsjónarkennslu á miðstigi. Þegar við á er nám nemenda skipulagt með einstaklingsnámskrá. Foreldrar eru með í samráði við gerð einstaklingsnámskrár en nemendur koma þar lítið að.

Styrkleikar

- Sveitarfélagið og skólinn eru með vel útfærða lestrarstefnu.
- Sérmenntaður kennari sér um sérkennslu að hluta til.

Tækifæri til umbóta

- Setja fram samræmda áætlun um skimanir og próf sem nær til fleira en lesturs.
- Skrá þarf viðmið um árangur kannana sem notaðar eru og til hvaða aðgerða grípa eigi til ef þarf.
- Huga að því að auka aðkomu og ábyrgð nemenda við gerð einstaklingsnámskráa.

Svið III – Innra mat

Framkvæmd innra mats

Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi

Í skólanámskrá er umfjöllun um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf. Þar er tilgreindur Skólapúlsinn sem lagður er árlega fyrir nemendur og annað hvert ár fyrir foreldra og starfsmenn. Auk þess eru árlega skólaþing með nemendum þar sem foreldrar eru velkomnir líka svo og starfþróunarsamtöl sem eru regluleg.

Ekki er til tímasett langtímaáætlun (3–5 ára) um innra mat sem endurspeglar að helstu þættir skólastarfsins séu metnir reglulega þar sem tilgreind eru verkefni, ábyrgðaraðilar, og þátttakendur hverju sinni. Í skólanámskrá er rætt um þróunarverkefni sem farin eru af stað í kjölfar umræðna um eflingu skólastarfs en eiginleg innra mats áætlun fyrir skólaárið, þar sem tilgreindir eru ábyrgðaraðilar, tímasetningar og viðfangsefni er ekki til staðar.

Mat og ígrundun kennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum er liður í daglegu starfi þeirra og fer fram formlega á teymisfundum og stigsfundum. Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram reglulega.

Í sérstöku mati á félagslegum og andlegum aðbúnaði á vinnustað kemur fram hver ber ábyrgð á hverjum þætti aðgerða.

Innra mat er markmiðsbundið

Leiðir að markmiðum svo sem verkefni, aðgerðir, áætlanir og verkferlar eru hluti af innra mati. Eins og kom fram í fyrri kafla er ekki til langtímaáætlun þannig að ekki er hægt að sjá hvort markmið skólanámskrár, áherslupættir grunnskólalaga og skólastefna viðkomandi sveitarfélags séu metin markvisst og reglubundið með einhverjum hætti.

Í Skólapúlsi eru viðmið hvers skóla miðuð við landsmeðaltal en skólinn hefur ekki sett sér viðmið að öðru leyti varðandi þætti sem metnir eru í innra mati.

Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum

Gagna er aflað með aðferðum sem hæfa viðfangsefninu og þeim spurningum sem lagt er upp með. Gagnaöflun felst mest í Skólapúlsi en auk þess í umræðum á starfsmannafundum, sérstakri könnun vegna líðanar starfsmanna og skólaþingum með nemendum.

Skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati svo sem samræmdum prófum og Lesferli við sitt innra mat.

Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum

Ekki hefur verið starfandi innra mats teymi í skólanum, skipað fulltrúum allra hagsmunaaðila, heldur er ábyrgð matsins, forgangsröðun svo og framkvæmd fyrst og fremst í höndum skólastjóra. Hugmyndir að innra mati eru hins vegar bornar undir starfsfólk á fundum og þar hefur það tækifæri til að gera athugasemdir og koma með tillögur. Í janúar sl. var skipað í innra mats teymi sem hefur það hlutverk að vinna að umbótum í kjölfar niðurstaðna úr Skólapúlsi, í teyminu starfa 3 kennarar einn af hverju stigi.

Nemendur og foreldrar, koma ekki beinlínis að innra mati nema fá kynningu á því og niðurstöðum kannana í skólaráði. Niðurstöður kannana eru birtar á heimasíðu en eru ekki formlega kynntar fyrir öllum hagsmunaaðilum á annan hátt.

Styrkleikar

- Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram með einhverjum hætti reglulega.
- Í skólanámskrá er umfjöllun um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf.
- Gagna er aflað með aðferðum sem hæfa viðfangsefnum hverju sinni.

- Skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati svo sem samræmdum könnunarprófum og Lesferli í sitt innra mat.
- Starfsfólk hefur tækifæri til að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati á kennarafundum.
- Skólaráð fær kynningar á innra mati skólans og niðurstöðum kannana

Tækifæri til umbóta

- Gera innra mats áætlun fyrir yfirstandandi skólaár með tímasetningum, ábyrgðaraðilum, þátttakendum og skilgreina viðmið þar sem það á við.
- Vinna að og birta langtímaáætlun í innra mati (3-5 ár) þar sem kemur fram að öll markmið skólans námskrár séu metin markvisst og reglubundið með einhverjum hætti.
- Vinna árlega að heildstæðri greinargerð um innra mat liðins skólaárs og birta á heimasíðu.
- Skipa innra mats teymi þar sem allir hagsmunaaðilar eiga fulltrúa.

Umbótastarf í kjölfar innra mats

Innra mat er opinbert

Umbótaáætlun sem snýr að félagslegum og andlegum aðbúnaði á vinnustað var gerð vorið 2016 og er unnið að þeim umbótum á þessu skólaári. Sú umbótaáætlun er ekki á heimasíðu skólans en niðurstöður könnunar í kjölfar hennar eru birtar þar.

Í starfsáætlun, sem birt er á heimasíðu, er umbótaáætlun 2016–2017 og þar eru tilgreind tvö þróunarverkefni sem sett voru af stað skólaárið 2015–2016 til að bæta úr þeim þáttum sem mældust undir meðallagi í könnunum í Skólapúlssi.

Niðurstöður kannana í Skólapúlssi eru einnig birtar opinberlega en niðurstöður eru ekki kynntar formlega fyrir nemendum og foreldrum nema fulltrúum í skólaráði.

Innra mat er umbótamiðað

Umbótaáætlun er í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta. Í áætlun um líðan á vinnustað eru tilgreindar markvissar aðgerðir. Í umbótaáætlun, sem er í starfsáætlun, er fjallað um tvö þróunarverkefni sem fóru af stað 2015–2016 til að bregðast við þáttum sem mældust undir meðallagi í könnunum. Þau eru einnig unnin þetta skólaár og greint frá að þeim ljúki í júní 2017.

Heildstæð umbótaáætlun þar sem koma fram allir þættir umbóta á yfirstandandi skólaári með ábyrgðaraðilum, tímasetningum, viðmiðum og hvenær meta á árangur aðgerða er ekki til staðar.

Að mati viðmælenda í rýnihópum kom fram að brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta er þörf þó að þær snúi ekki beint að þeim markmiðum sem metin voru. Einnig voru viðmælendur sammála um að umbótum væri kerfisbundið fylgt eftir. Starfsfólk og foreldrar gátu á óbyggjandi hátt nefnt dæmi um umbætur sem innra mat skólans hefur leitt til.

Styrkleikar

- Umbótaáætlun sem snýr að félagslegum og andlegum aðbúnaði á vinnustað er skýrt sett fram.
- Áætlanir um umbætur eru bornar undir skólaráð.
- Umbætur eru í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Umbótum er kerfisbundið fylgt eftir.

Tækifæri til umbóta

- Birta allar niðurstöður innra mats á heimasíðu svo sem samantekt á niðurstöðum nemendaþinga.
- Kynna niðurstöður kannana formlega fyrir nemendum og foreldrum.
- Vinna heildstæða umbótaáætlun með verkefnum, verkferlum, tímasetningum, ábyrgðaraðilum og hvenær meta á umbætur.

Styrkleikar og tækifæri til umbóta

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér. Í stórum dráttum má segja að í Bláskógaskóla Reykholti fari fram gæðastarf þar sem stuðst er við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og annað sem lögum samkvæmt snýr að þeim þáttum skólastarfs sem metnir voru.

Styrkleikar í stjórnun

Allir hagsmunaaðilar þekkja stefnu skólans eins og hún birtist í skólanámskrá og stjórnendur hvetja kennara markvisst til að auka sífellt gæði náms og kennslu. Reglulega er boðað til kennara-, stigs- og teymisfunda þar sem fagleg ígrundun fer fram. Starfsáætlun uppfyllir að flestu leyti þau viðmið sem koma fram í aðalnámskrá grunnskóla, sama gildir um skólanámskrá sem endurspeglar áherslur í skólastefnu sveitarfélagsins.

Vikulegur kennslutími nemenda er meiri en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir þar sem nemendur á miðstigi fá tvær stundir vikulega umfram hana. Námsgreinar eru samþættar á öllum stigum, ekki síst í umfangsmiklum þemaverkefnum og boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar á unglingsstigi.

Skólareglur og viðurlög við þeim eru unnin með nemendum og samstarf leik- og grunnskóla er reglulegt, skráð og virkt. Gerð er áætlun um kannanir og skimanir sem lagðar eru fyrir nemendur til að finna þá sem þurfa sérstaka aðstoð í lestri.

Allar helstu ákvarðanir er varða stefnu, skólalald og skólaþróun eru lagðar fyrir skólaráð til umsagnar. Kynning á námsmarkmiðum og leiðum til að ná þeim er hluti af virku samstarfi heimila og skóla og skipulagðar foreldraheimsóknir eru reglulegur þáttur í skólstarfinu.

Tækifæri til umbóta í stjórnun

- Gera grein fyrir einkunnarorðum skólans, sýn skólans og stefnu, í skólanámskrá.
- Skilgreina og móta leiðir til að viðhalda jákvæðum skólabrag og fjalla um í skólanámskrá.
- Að stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti endurgjöf.
- Vinna að gerð verklagsreglna um meðferð ágreiningsmála í starfsmannahópi.
- Skrá ferli samskipta grunn- og framhaldsskóla og birta í skólanámskrá.
- Gera tímasetta símenntunaráætlun þar sem komi fram hverjir leiða fræðsluna, þátttakendur og hvernig einstaklingar sækja símenntun.
- Fjalla um grunnþætti menntunar í skólanámskrá og hvernig þeir fléttast inn í skólstarfið.
- Endurskoða kaflann um tómskundastarf í skólanámskrá m.t.t. viðurlaga vegna brota á reglum.
- Gera forvarnaráætlun.
- Gera árlega áætlun um sérkennslu og stuðning.
- Kjósa nemendur og foreldra í skólaráð lýðræðislegri kosningu til tveggja ára.

- Stofna foreldrafélag skv. 9. grein Laga um grunnskóla nr. 91/2008.
- Skrá hvernig upplýsingagiöf til foreldra í Bláskógaskóla Laugarvatni og Kerhólsskóla er háttað og hver ber ábyrgð á henni.
- Leita allra leiða til að efla samstöðu og jákvæðni meðal allra í skólasamfélaginu.

Styrkleikar í námi og kennslu

Nemendur ná almennt góðum árangri í námi þegar niðurstöður samræmdra könnunarprófa eru skoðaðar. Allir nemendur taka virkan þátt í skólastarfi og skólinn er að mati viðmælenda og eftir því sem matsmenn urðu varir við, skóli sem mætir þörfum allra nemenda án aðgreiningar. Matsmenn sáu að skólahúsnæðið er vel nýtt til fjölbreyttra námsverkefna og umgengni er góð. Gott samstarf er við leikskólann og nemendur beggja skólastiga eiga í góðum samskiptum. Sveitarfélagið og skólinn er með vel útfærða lestrarstefnu.

Kennarar sýna almennt góða fagþekkingu og námstími nemenda er vel nýttur. Kennarar telja teymiskennslu efla starfið. Fjölbreyttar valgreinar eru í boði hjá unglingastigi og miðstigsnemendur hafa val í formi áhugasviðsverkefna. Samþætting námsgreina er nýtt á öllum skólastigum meðal annars með þemavinnu. Nemendur eru ábyrgir í námi og framkomu. Í vettvangsathugunum kom fram að samvinna nemenda í námi er víðtæk. Upplýsingatækni er notuð til náms á fjölbreyttan hátt. Haldin eru nemendaping um málefni er snerta nemendur.

Tækifæri til umbóta

- Uppfæra, samræma og tengja námsvísa bekkja betur við gildandi aðalnámskrá.
- Aðgreina á mat á árangri í námsgreinum og mat á framkomu og hegðun.
- Birta þarf viðmið um árangur tengt námsmati í námsáætlunum.
- Skrá þarf markvissar þemu sem unnið er með og tengja við námsgreinar og hæfniviðmið.
- Skilgreina mætti teymiskennslu og setja fram markmið með vinnu teyma.
- Gera þarf nemendum betur grein fyrir tengslum hæfniviðmiða og eigin námsframvindu.
- Auka má þátttöku nemenda við áætlanagerð í námi og mat á eigin árangri.
- Efla þarf áhuga eldri nemenda á náttúrufræði- og stærðfræðinámi.
- Huga þarf með nemendum að því hvað veldur kynjamun sem fram kemur í niðurstöðum Skólupúlsins um áhuga á námi, trú á námsgetu og samskiptum við kennara.
- Setja þarf fram samræmda áætlun um skimanir og próf sem nær til fleiri atriða en lesturs og skrá viðmið um árangur kannana sem notaðar eru og til hvaða aðgerða grípa eigi til ef þarf.
- Nemendur ættu eins og hægt er að hafa aðkomu og ábyrgð við gerð eigin einstaklingsnámskráa.
- Upplýsa þarf nemendur um hlutverk skólaráðs og nemendafulltrúa í ráðinu.
- Kynna þarf nemendum niðurstöður kannana sem þeir taka þátt í eða er varða þá.

Styrkleikar í innra mati

Í skólanámskrá er umfjöllum um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf. Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram með einhverjum hætti reglulega. Gagna í innra mati er aflað með aðferðum sem hæfa viðfangsefnum hverju sinni og skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati svo sem samræmdum könnunarprófum og Lesferli í sitt innra mat. Starfsfólk hefur tækifæri til að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati á kennarafundum og skólaráð fær kynningar á innra mati skólans og niðurstöðum kannana. Þá eru áætlanir um umbætur bornar undir skólaráð.

Umbætur eru í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta og þeim er kerfisbundið fylgt eftir. Umbótaáætlun sem snýr að félagslegum og andlegum aðbúnaði á vinnustað er skýrt sett fram.

Tækifæri til umbóta í innra mati

- Gera innra mats áætlun fyrir yfirstandandi skólaár með tímasetningum, ábyrgðaraðilum, þátttakendum og skilgreina viðmið þar sem það á við.
- Vinna að og birta langtímaáætlun í innra mati (3-5 ár) þar sem kemur fram að öll markmið skólanámskrár séu metin markvisst og reglubundið með einhverjum hætti.
- Vinna árlega að heildstæðri greinargerð um innra mat liðins skólaárs og birta á heimasíðu.
- Skipa innra mats teymi þar sem allir hagsmunaaðilar eiga fulltrúa.
- Birta allar niðurstöður innra mats á heimasíðu svo sem samantekt á niðurstöðum skólapinga.
- Kynna niðurstöður kannana formlega fyrir nemendum og foreldrum.
- Vinna heildstæða umbótaáætlun með verkefnum, verkferlum, tímasetningum, ábyrgðaraðilum og hvenær meta á umbætur.

Frekari greining

Tafla 1 sýnir niðurstöður á þeim þáttum sem til skoðunar voru í ytra mati.

Litirnir sem notaður er í töflunni standa fyrir eftirfarandi kvarða:

- D → 1,0 – 1,5 = **rautt** – mikil umbótaþörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- C → 1,6 – 2,5 = **gult** – meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
- B → 2,6 – 3,5 = **ljósgrænt** – meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- A → 3,6 – 4 = **grænt** – flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Stjórnun			Nám og kennsla			Innra mat	
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsaðstæður	Þáttt. og ábyrgð nemenda	Námsaðlögun	Framkvæmd innra mats	Umbótastarf í kjölfar innra mats
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfsáætlun og skólanámskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Nám við hæfi allra nemenda	Kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi	Opinbert
Stjórnun stofnunar	skóladagur nemenda	Þáttt. foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag náms og náms-umhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Stuðningur við nám	Markmiðsbundið	Umbótamiðað
Faglegt samstarf	Verklagsreglur og áætlanir		Kennsluhættir og gæði kennslu			Byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	
Skólaþróun			Námshættir og námsvitund			Samstarfsm. og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum	


Tafla 1. Styrkleikar og veikleikar matsþátta

Greining kennslustunda

Matsmenn mátu 24 kennslustundir sem flestar voru metnar góðar. Ein var metin þannig að einhverja mikilvæga þætti mætti bæta, ein kennslustund var metin frábær og engin var óviðunandi.

Samvinna og einstaklingsvinna

Við skráningu á kennslustundum er litið til þess hvort nám nemenda sé markvisst skipulagt á þann hátt að þeir vinni einir við hvers kyns verkefni eða hvort um samvinnu eða samræður um námið sé að ræða.



Mynd 1. Yfirlit yfir samvinnu og einstaklingsvinnu nemenda í metnum kennslustundum.

Nemendur vinna einir í 50% af þeim kennslustundum sem metnar voru.

Notkun upplýsingatækni

Nemendur eða hluti nemenda notar upplýsingatækni í átta kennslustundanna eða þriðjungi þeirra stunda sem matsmenn heimsóttu.

Kennarar nýttu upplýsingatækni að einhverju marki til kennslu í fimm af þessum stundum.

Kennsluathafnir

Kennsluáherslur kennara eru greindar í það sem kalla má fræðandi, leiðbeinandi eða blöndu af hvoru-tveggja. Fræðandi athafnir tengjast því sem kallaðar eru bein yfirfærsla og leiðbeinandi kennsluathafnir eru oft tengdar hugtakinu hugsmíðahyggju eins og gert er í *Hvítbók um umbætur í menntun*.


Fræðari-bein kennsla

Kennarinn miðlar fyrst og fremst efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt, þá eru það spurningar sem kalla oftast á eitt rétt svar. Vinna við verkefni og vinnubækur mótast af því að taka á móti staðreyndum og setja þær fram á ákveðinn hátt, ein þekkt lausn. Náms efnið er í forgrunni.

Leiðbeinandi-hugsmíðahyggja


Kennarinn stýrir framvindu kennslustunda en leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda (lýsa, leggja mat á, bera saman, draga ályktanir og/eða setja fram tilgátur); eða opin/skapandi viðfangsefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum þekktum lausnum; eða leggur áherslu á frumkvæði og ábyrgð nemenda með skipulagi á námsathöfnum þar sem engin lausn er fyrirfram þekkt. Áhersla er á námsferlið sem leið (og leiðir) til náms frekar en námsefnið einvörðungu.

Nemandinn er í forgrunni og hann er virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir. Áhugi nemenda og forvitni er driffjöður námsathafna. Kennarinn skapar námsaðstæður og tækifæri nemenda til þátttöku, hann sér um að bjargir séu til staðar og veitir endurgjöf meðan á námi stendur.



Mynd 2. Yfirlit yfir kennsluathafnir í metnum kennslustundum.

Í 58% kennslustunda voru kennsluathafnir kennara fræðandi, sem einkennast af beinni yfirfærslu.

Hópastærð, fjöldi nemenda á kennara

Mynd 3. Fjöldi nemenda í metnum kennslustundum á hvern kennara í almennri kennslu.

Skráð er hve margir nemendur eru á hvern menntaðan kennara í hverri metinni kennslustund. Y-ás myndarinnar sýnir fjölda nemenda og x-ás hverja metna kennslustund. Stundir við sérkennslu eru ekki teknar með.

Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla: almennur hluti. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla: greinasvið. (2013). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Björk Ólafsdóttir. (2011). *Innra mat grunnskóla: leiðbeiningar og viðmið fyrir matsveitarfélags á innra mati grunnskóla*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Bláskógabyggð: <http://www.blaskogabyggd.is>

Bláskógaskóli Reykholti: <http://www.reykholt.blaskogaskoli.is>

Hrönn Pétursdóttir. (2007). *Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólasterfið 2007–2020*. Reykjavík: Félag grunnskólakennara, Samband íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélag Íslands.

Lög um grunnskóla, nr. 91/2008.

Menntamálaráðuneytið. 1997. Sjálfsmat skóla:

http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/8F7A17F4C22D2832002576F00058D40C/Attachment/sjalfsm_skola_97.pdf

Reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemenda-verndarráð í grunnskólum: <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/584-2010>

Reglugerð nr. 585/2010 um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/allar-rettarheimildir/nr/5540>

Reglugerð nr. 897/2009 um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín:

<http://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/897-2009>

Reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum:

<http://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/920-2006>

Reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum: http://www.reglugerd.is/reglugerdir/leit?_stern_SearchType=Reglugerd&_stern_number=1009&_stern_year=2015

Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/6347>

Reglugerð nr. 1157/2008 um skólaráð við grunnskóla:

<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/1157-2008>

Gögn um samræmd próf unnin úr gagnagrunni Menntamálastofnunar.

